



Dagsetning
Málsnúmer

1. júlí 2024
HRN24040254

Svar við bréfi umboðsmanns barna.

Ráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns barna, dags. 18. apríl 2024, vegna tilvísana heimilislækna fyrir börn. Í bréfinu er vísað til tilmæla Félags íslenskra heimilislækna til félagsmanna sinna fyrr á árinu um að hætta að skrifa út tilvísanir vegna barna til sérgreinalækna og áhyggjum lýst af stöðunni.

Ráðuneytið upplýsir umboðsmann barna um að þann 1. júní sl. tóku gildi ýmsar breytingar á tilvísanakerfinu sem unnið var að í samráði við Sjúkratryggingar, Félag íslenskra heimilislækna, Félag íslenskra barnalækna, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins o.fl. Helstu breytingar eru þær að sérgreinalæknir getur nú vísað barni til annars sérgreinalæknis í stað þess að barn þurfi að leita aftur til heilsugæslu og fá nýja tilvísun, bráða- og vaktþjónusta barna er nú gjaldfrjáls óháð tilvísun, sem og þjónusta augn- og kvensjúkdómalækna. Jafnframt er hjúkrunarfræðingum, sem starfa í ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu, nú heimilt að vísa barni til talmeinafræðings. Breytingarnar draga úr þörf fyrir tilvísun og álagi á heimilislækna og kerfið því skilvirkara en áður, til hagsbóta fyrir börn og foreldra þeirra. Sé barn ekki með gilda tilvísun hjá sérgreinalækni þarf það áfram tilvísun frá heimilislækni til barnalækna, sem starfa utan bráða- og vaktþjónustu, og annarra sérgreinalækna en augn- og kvensjúkdómalækna til að njóta fullrar greiðsluþátttöku frá Sjúkratryggingum.

Eftir að breytingarnar tóku gildi hafa heimilislæknar gefið út tilvísanir fyrir börn í samræmi við reglugerð nr. 313/2017. Hafa þau börn, sem þurfa á þjónustu sérgreinalækna að halda, þannig fengið gefna út tilvísun í samræmi við þeirra þarfir. Ráðuneytið mun funda með fagfélögum lækna og öðrum haghöfum í haust til að meta áhrif breytinganna og hvort gera skuli frekari breytingar á kerfinu. Við það mat verður litið til hagsmuna barna og foreldra þeirra. Ráðuneytið mun upplýsa umboðsmann barna um afrakstur þeirrar vinnu.


Sigurður Kári Arnason

skrifstofustjóri

F.h. ráðherra


Pétur Örn Pálmarsson

lögfræðingur